

# Erindisbréf Landbúnaðar- og girðinganevndar Skútustaðahrepps

## Stjórnskipuleg staða og skipan

### 1. gr

Landbúnaðar- og girðinganevnd heyrir beint undir sveitarstjórn Skútustaðahrepps. Sveitarstjóri starfar með nefndinni eftir því sem við á og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd.

### 2. gr

Í Landbúnaðar- og girðinganevnd eiga sæti þrír aðalmenn og jafnmargir til vara sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum kosningum skv ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann en nefndin skal kjósa ritara á fyrsta fundi.

### 3. gr

Auk kjörinna nefndarmanna á sveitarstjóri rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni.

## II. Hlutverk og verkvið.

### 4. gr

Landbúnaðar- og girðinganevnd fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir þau falla. Um er að ræða verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, yfirstjórn fjallskilamála skv. lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, búfjárefntilvit skv. lögum um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, refa- og minkaeyðingu skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 og búfjargirðingar skv. girðingarlögum nr. 135/2001. Í störfum skal nefndin hafa gott samráð við aðrar fagnefndir sveitarfélagsins eftir því sem við á hverju sinni.

Hlutverk nefndarinnar er:

- Að móta stefnu og hafa eftirlit með framkvæmd í málefnum er varða gróðurvernd, fjallskil, búfjargirðingar, búfjárefntilvit og refa- og minkaeyðingu.
- Að fjalla um og hafa eftirlit með framkvæmd samnings sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar um refaveiðar.
- Að hafa eftirlit með aðilum sem vinna að landbúnaðarmálum á vegum sveitarfélagsins og fylgjast með því að þeir vinni að settum markmiðum í samræmi við lög og veiti góða þjónustu.

- Að fjalla um drög að fjárhagsáætlun viðkomandi málaflokks.
- Að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar í málaflokkum sem falla undir verksvið ráðsins.

- **5. gr**

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi skal nefndin vinna að hverjum þeim málum er sveitarstjórn felur henni.


### **Gildistaka**

#### **6. gr.**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum **sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011** um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Skútustaðahrepps.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 25. september 2014

Mývatnssveit 13. október 2014

  
Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri.